

9. fundur

Safnanefnd hélt fund fimmtudaginn 15. apríl 1999 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, Ægir Jóhannsson, Guðrún Hauksdóttir, Laufey Hjaltalín, Þórður Magnússon og Guðmundur Andrésón, sem ritar fundargerð.

Auk þeirra, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtsbókasafnsins.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Erindisbréf.
2. Tölvumál.
3. Önnur mál.

1. Formaður lagði fram drög að erindisbréfi og var það yfirlit á fundinum.

2. Tölvumál.

Sigurlína fór yfir nýjustu upplýsingar um tölvumál bókasafna á Vesturlandi, einnig lagði hún fram samantekt um kosti og galla í stöðunni. Fram kom að Fengur er í notkun í Snæfellsbæ og að Borgnesingar muni taka það í notkun innan skamms. Dalabyggð og Eyrarsveit vantar kerfi strax en hafa ekki tekið ákvörðun. Óvíst er um Akranes. Safnanefnd mælir með að tekið verði tilboði Skýrr hf. um Feng.

3. Önnur mál.

Rætt um myndasöfn í eigu einstaklinga, bæði kvikmyndir og ljósmyndir og nauðsyn á varðveislu þessara gagna til framtíðar.

Einnig var rætt um söfnun annara gagna í eigu einstaklinga og fyrirtækja.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:11.

Guðmundur Andrésón, fundarritari (sign.).

Ægir Jóhannsson (sign.),

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),

Laufey V. Hjaltalín (sign.),

Þórður Magnússon (sign.).

Íhs.